

## Skólaráðsfundur 19. október 2015

á Bókasafni Eyjafjarðarsveitar kl. 14:45 – 16:00

Mættir voru:

Dagmar Þóra Sævarsdóttir, Adda Bára Hreiðarsdóttir, Hrund Hlöðversdóttir, Halldóra Snorradóttir, Oddur Hrafnkell Daníelsson, Auður Thorberg Jónasdóttir, Rögnvaldur Símonarson og Margrét Aradóttir sem ritar fundargerð.

Eftir setningu fundar var farið yfir dagskrána sem lá fyrir fundinum:

- Skólanámskrá 2015-2016
- Starfsáætlun skólans 2015-2016
- Handbók starfsfólks
- Umbótaáætlanir
- Erindi frá foreldri um afhendingu Nýja testamentisins í skólanum
- Önnur mál.

Minnt var á að Skólaráð er ekki til ákvarðanatöku heldur til álitsgjafar.

Skólanámskrá helst að mestu ár frá ári þó hún sé yfirfarin árlega en starfsáætlunin breytist árlega. Bæði skólanámskráin og starfsáætlunin eru aðgengilegar á heimasíðu skólans.

Unnið hefur verið með hvoru tveggja og þessi atriði helst:

Viðbætur við starfsáætlun: Innra mat, valgreinar á unglíngastigi.

Viðbætur og lagfæringar á skólanámskrá: Læsissskimanir og próf, jafnréttisáætlun og eineltisáætlun hafa verið teknar til endurskoðunar. Jafnréttisráð hefur samþykkt jafnréttisáætlun skólans. Þeir kalla eftir svona áætlunum.

Útbúin hefur verið heildar umbótaáætlun, bæði í sambandi við innra mat og sjálfsmat skóla, og annað sem þarfnaðist úrbóta, og var hún lögð fram á fundinum. Hún er aðgengileg á heimasíðu skólans.

Unnið er áfram með skólastefnu og vinnumat auk þess sem á að fara í breytingar og uppfærslu á heimasíðunni.

Gera á heildar eineltiskönnun í nóvember vegna misræmis á milli þess sem komið hefur fram á upplifun foreldra og barna á einelti í skólanum. Þessi könnun verður ekki í Skólapúlsinum heldur verður könnun sem allir nemendur skólans taka þátt í.

Áfallaáætlun er að verða tilbúin. Eftir er að kynna hana fyrir skólaráði og verður það gert á næsta fundi.

Handbók starfsmanna: Þar á að vera á einum stað allar upplýsingar fyrir nýja starfsmenn um skráðar og óskráðar reglur og venjur í skólanum. Þar inn þarf þó að bæta við einhverju um teymisvinnuna. Annars mjög gott plagg að styðjast við. Handbók starfsmanna er ekki á netinu en ætti ef til vill heima þar. Rætt var um að það gæti verið góð hugmynd að útbúa eitthvað svipað fyrir nýja foreldra, foreldrahandbók, þar sem kæmu fram ýmsar upplýsingar og kannski ýmislegt af því sem fram kemur í handbók starfsmanna.

Í haust fékk 5. bekkur afhent Nýja testamentið frá Gídeonfélaginu eins og venja hefur verið í fjöldamörg ár. Tveir foreldrar höfðu samband við skólann vegna þessa, annar lýsti ánægju sinni með að þetta væri gert en hitt foreldrið var ekki sátt og segir að þetta eigi ekki að fara fram innan skóla heldur innan hvers trúfélags. Foreldrið telur að ekki eigi að gera fólki það að þurfa að gera grein fyrir skoðunum sínum eins og gert er þegar foreldrar eru látnir vita að það eigi að afhenda Nýja testamentið ákveðinn dag og börnum sem ekki vilja taka við þessari gjöf er heimilt að vera ekki viðstödd. Í fámennum bekkjum fer ekkert á milli mála ef einhver fer út þegar afhending fer fram og er viðkomandi eflaust krafín skýringa á því af félögum.

Spurningarnar sem liggja fyrir fundinum eru því tvær:

Er afhending Nýja testamentisins trúboð?

Eru lífsskoðanir og trúarskoðanir einkamál.

Um fyrri spurninguna spunnust líflegar umræður og sitt sýndist hverjum en eftir atkvæðagreiðslu kom í ljós að 4 töldu að um trúboð væri að ræða en 3 sátu hjá. Hrund greiddi ekki atkvæði eðli málsins samkvæmt.

Um seinni spurninguna voru allir sammála að um einkamál væri að ræða.

Fram kom í umræðum að það væri alltaf af því góða að tala um og reyna að innræta virðingu fyrir fjölbreytileikanum, kenna umburðarlyndi gagnvart öðrum skoðunum og lífsstíl og vera börnunum góðar fyrirmyndir á þessu sviði en auðvitað sé það hverjum og einum í sjálfsvald sett hversu opin hann er um eigin trú og skoðanir.

Skólaráð ályktar því að Gídeonfélagið geti áfram gefið Nýja testamentið til skólans en afhending fari fram hjá ritara og foreldrar geti nálgast bókina þar, ellegar að afhending fari fram í kirkju. Þá gæti það verið auglýst sérstaklega þegar messa er auglýst að afhending fari fram til þeirra barna og foreldra í 5. bekk sem þess óska.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:00.